

## Reglur um greiðslur fyrir nemendur sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags

### 1. gr.

Með vísan til ákvæða 3. og 5. greina laga um grunnskóla nr. 91/2008 eiga allir nemendur með lögheimili í Akureyrarbæ rétt á skólavist í grunnskólum bæjarins. Foreldrar geta einnig sótt um námvist fyrir grunnskólanemendur í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags.

### 2. gr.

Grunnskólanemendur í Akureyrarbæ sem óska eftir að stundi nám í öðru sveitarfélagi, skulu sækja um það til Skóladeildar Akureyrarbæjar á þar til gerðu eyðublaði. Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár. Að jafnaði er gert ráð fyrir að umsóknir vegna eftirfarandi aðstæðna gangi fyrir:

- a. Foreldrar stunda starfsnám eða háskólanám í öðru sveitarfélagi.
- b. Nemendur eru vistaðir í tímabundnu fóstri af barnavernd í öðru sveitarfélagi.
- c. Mælt er með því af sérfræðipjónustu að nemandi sæki skóla í annað sveitarfélag vegna sérstakra aðstæðna.
- d. Foreldrar þurfa að flytja lögheimili sitt tímabundið (eitt ár) til Akureyrarbæjar, vegna sérstakra aðstæðna.

### 3. gr.

Í samræmi við 21. gr. Samþykktar um skólanefnd afgreiðir fræðslustjóri umsóknir um námsvist í öðru sveitarfélagi sbr. 2. grein og staðfesta greiðsluskyldu bæjarins vegna námsvistar nemandans. Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs.

Þurfi nemandi á sérkennslu eða stuðningi að halda skal um það semja sérstaklega.

Greiðslubyrði vegna skólavistar nemanda fellur ekki á sveitarfélagið án samþykkis þess.

Forsendur afgreiðslunnar er að hún rúmist innan fjárhagsramma málaflokksins.

Afgreiðsla fræðslustjóra á umsókn um skólavist nemenda er stjórnsluákvörðun og getur foreldri óskað eftir endurupptöku ákvörðunar eða kært ákvörðun til æðra stjórnvalds samanber Samþykkt fyrir skólanefnd 22. og 23. grein.

### 4. gr.

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að innrita nemandann í viðtökuskóla og þarf viðtökuskóli/sveitarfélag að senda staðfestingu um að nemandinn hafi verið innritaður í skólann sem sótt var um.

### 5. gr.

Skóladeild Akureyrarbæjar getur í samráði við viðkomandi skólastjórnendur, heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum námsvist í grunnskólum Akureyrarbæjar sé þess óskað, enda liggi fyrir samningur við hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélag um greiðslu námskostnaðar.

### 6. gr.

Ofangreindar reglur taka að öðru leyti mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra Sveitarfélaga.

Þannig samþykktar í skólanefnd 18. maí 2009.